

## Starfskjarastefna Ísafold Capital Partners hf.

Starfskjarastefna Ísafoldar Capital Partners hf. (hér eftir nefnt „Félagið“ eða „ÍCP“) grundvallast á hugmyndafræði fyrirtækisins. Velgengni ÍCP byggir á því að fyrirtækið njóti hæfra starfskrafta sem hafa viðhorf og gildismat í takt við hugmyndafræði félagsins.

Starfsmenn ÍCP skulu ávallt hafa skynsemi, langtímahugsun og gagnkvæman ávinning að leiðarljósi í störfum sínum og samskiptum. Tilgangur starfskjarastefnu ÍCP er að samþætta hagsmuni fyrirtækisins, starfsmanna, viðskiptavina og hluthafa.

Sameiginlegir hagsmunir þessara aðila eru að fyrirtækið náði að laða að og halda í hæfa og vandaða starfsmenn sem setja langtímahagsmuni allra tilgreindra aðila í forgrunn.

### A. Megináherslur í starfskjarastefnu ÍCP eru:

1. **Grunnlaun.** Félagið býður sanngjörn og samkeppnishæf grunnlaun í samræmi við hæfni einstaklinga og markaðsaðstæður. ÍCP greiðir sambærileg laun fyrir sambærilegt vinnuframlag.
2. **Eignaraðild.** ÍCP telur að eignaraðild lykilstarfsmanna að fyrirtækinu sé góð leið til að tryggja að hagsmunir fyrirtækisins og starfsmanna fari saman til lengri tíma lítið, þ.e.a.s. að allir séu “í sama báti”.
3. **Sveigjanleiki.** ÍCP leggur áherslu á að vera sveigjanlegur vinnustaður og kemur til móts við þarfir bæði starfsmanna og viðskiptavina hvað varðar vinnutíma og vinnustað. ÍCP telur það mikilvæga hvatningu að starfsmenn geti samræmt starf sitt öðrum hlutverkum lífsins. Starfsmenn geta því samið um sveigjanlegan vinnutíma. Þá geta starfsmenn unnið heiman frá sér ef við á og geta samið um aukafríðaga án launa eða í skiptum fyrir óvenju mikið vinnuálag. Tekið er tillit til annarra óska, þó aldrei þannig að það bitni á viðskiptavinum fyrirtækisins.

### B. Framkvæmd starfskjarastefnu ÍCP.

1. **Starfskjör stjórnarmanna.** Stjórnarmenn fá greidd stjórnarlaun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert.

2. **Starfskjör framkvæmdastjóra.** Stjórn gerir skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem gerð er grein fyrir starfskjörum hans s.s. föstum launum, lífeyrisréttindum, orlofi, uppsagnarfresti og öðrum hlunnindum. Í samningnum skal einnig gerð grein fyrir öðrum starfskjörum eftir atvikum.
3. **Starfskjör stjórnenda og lykilstarfsmanna.** Framkvæmdastjóri gerir skriflega ráðningarsamninga við lykilstarfsmenn þar sem gerð er grein fyrir starfskjörum og skulu þau taka tillit til markaðsaðstæðna og fylgja lögum og reglum hverju sinni.
4. **Starfskjör annarra starfsmanna.** Skriflegir ráðningarsamningar eru gerðir við aðra starfsmenn þar sem gerð skal grein fyrir starfskjörum og taka þau tillit til markaðsaðstæðna og fylgja venjum á vinnumarkaði.

Stjórn félagsins hefur kynnt sér ákvæði 57. gr. a. og 57. gr. b. um kaupaukakerfi og starfslokasamninga í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og 79. grein a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og einnig reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja nr. 388/2016 og kappkostar að fylgja þeim ákvæðum í framkvæmd starfskjarastefnu félagsins. Mun stjórnin fylgja í einu og öllu eftir þeim lagaákvæðum eða reglum sem í gildi eru eða kunna að vera settar á þessu sviði.

Starfskjarastefna félagsins skal endurskoðuð árlega og borin undir aðalfund til samþykktar. Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess. Stjórn félagsins skal færa til bókar í fundargerðarbók frávik frá starfskjarastefnunni.

Þannig samþykkt af stjórn Ísafoldar Capital Partners hf. þann 10. mars 2023.